

Borgarráð Reykjavíkur
b.t. Lindu Sifjar Sigurðardóttur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 20. desember 2018

Efni: Fyrirspurn frá borgarráði frá 29. nóvember 2018.

Vísað er til tölvupósts dags. 11. desember. s.l þar sem óskað er svara við neðangreindri fyrirspurn:
“BORGARRÁÐ 29. nóvember 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um kostnaðaráætlun vegna Bakkaskemmu við Grandagarð 16 - R18110252

Var heildarkostnaðaráætlun vegna endurbóta Faxaflóahafna, á húseigninni Bakkaskemmu við Grandagarði 16, sett fram? Þar er verið að vísa til efri hæð hússins og neðri hæð hússins sem nú hýsir Granda mathöll.”

Með vísan til svars dags. 20.11.2018 við fyrri fyrirspurn um kostnað vegna framkvæmda við Bakkaskemmu þá var framkvæmdatímabil endurbóta hússins frá árinu 2011 til ársins 2018. Á þeim tíma var eftirspurn eftir leiguhúsnaði í Örfirisey lítil og ekki fyrirsjáanlegt að unnt væri að leigja laus rými í húsinu út í einni heild. Ekki var gerð heildar áætlun um endurbætur en ákveðið að bjóða út 1. áfanga innréttinga og gera ráð fyrir aðstöðu smærri fyrirtækja. Í framhaldi var gerð áætlun fyrir næsta verkáfangi.

Fyrir hvert útboð var gerð kostnaðaráætlun fyrir þann verkhluta á verðlagi hvers árs og verkefnið tilgreint í fjárhagsáætlun hvers árs.

Framkvæmdir voru unnar í alls fimm verksamningum í kjölfar opinna útboða og var samið við lægstbjóðanda í öllum tilvikum.

Heildarkostnaðaráætlun framkvæmda fyrir alla fimm verkhlutana var kr. 442.286.288 án vsk.

Heildarframkvæmdakostnaður fyrir þessa sömu verkhluta varð kr. 456.627.073 án vsk.

Til viðbótar framkvæmdakostnaði er hönnunarkostnaður, um 10% af heildarkostnaði auk ýmissa opinberra gjalda.

Á fyrra minnisblaði frá 12. nóvember síðastliðnum var gerð grein fyrir framkvæmdakostnaði við endurbætur á húseigninni Grandagarði 16 á árunum 2011 til 2018. Þar kom fram villa og heildarkostnaðurinn oftalinn. Leiðréttar tölur eru eftirfarandi:

Ár	Framkvæmt án virðisaukaskatts
2011	1.818.262 kr.
2012	83.974.912 kr.
2013	154.623.536 kr.
2014	106.570.281 kr.
2015	37.273.762 kr.
2017	65.823.126 kr.
2018	60.106.647 kr.

Heildarkostnaður við endurnýjunina reyndist því kr. 509.190.528 án virðisaukaskatts, en að öðru leyti er vísað til svar dags. 20.11.2018.



Gísli Gíslason, hafnarstjóri